

**Dagskrá 92. fundar Félagsstjórnar SLFÍ, haldinn 19. september,  
2017 kl. 12.00 í Þjónustumiðstöðinni í Munaðarnesi**

Mættir til fundar:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri  
Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri  
Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild  
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri  
Helga Sveinsdóttir varamaður Austfjarðadeild  
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjadeild  
Viktória Magnúsdóttir, Suðurnesjadeild  
Jóhanna G Þórðardóttir, Vestfjarðadeilda  
Sigríður Helga Skúladóttir varamaður Vesturlandsdeild  
Jakobína Rut Daníelsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn  
Fjarverandi:  
Guðbjörg Sólveig Sigurðardóttir, Vesturlandsdeild  
Stefanía Stefánsdóttir, Austfjarðadeild  
Ólöf Jóna Friðriksdóttir varamaður í framkvæmdastjórn

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

- Fundur settur
- Fundargerð síðasta fundar
- Til upplýsinga og umræðu
  - Staðan á skrifstofu félagsins
  - Staðan í framkvæmd bókunar 8 með kjarasamningi við fjármálaráðuneytið
  - Staðan í málefnum fagháskólanáms ([Sjá fylgiskjal 1](#))
  - Fundur með norrænum fulltrúum um tillögu að norrænni keppni í hjúkrun sem haldinn var 5. september sl.
  - Ráðstefna á vegum BSRB 6. október 2017 kl 09:00 á Hilton
  - Félagsstjórnarfundur 11. október
  - Staðan í vinnu starfshóps vegna ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 127/2016 ([Sjá fylgiskjal 4](#))
  - Réttindi íslenskra sjúkraliða í Danmörku ([Sjá fylgiskjal 5](#) og [fylgiskjal 6](#))  
KÁG fór yfir allt ferlið hingað til.
  - Orlofsmál
    - GÖG fór yfir hvernig gengið hefur með orlofsmál í sumar
    - Einnig fór hann yfir ákvörðun orlofsnefndar að kaupa viðbótarhúsnæði á Akureyri.
  - Kaup og sala á Akureyri Myndir skoðaðar.
- Vinnufundur
  - Starfslýsingar fyrir LSH. Farið yfir þær og mikil umræða var um mörg atriði.
    - [Fylgiskjal 1](#)

- [Fylgisskjal 2](#)
  - Farið yfir nýsamþykktu stefnu félagsins. Farið yfir hvern lið fyrir sig og ákveðnar greinar ræddar sérstaklega. Tala við Vinnueftirlitið varðandi aðstöðu starfsmanna þegar farið er í „Edenstefnu“.
  - [Sjá stefnuna](#)
  - Undirbúningur trúnaðarmannaráðsfundar 12. október 2017
  - [Sjá dagskrá](#)
  - Vinna að undirbúningi ráðstefnu um öldrunarmál í nóvember.
    - Tengiliðir? Fagdeild sjúkraliða, Ögmundur Jónasson, Eyjólfur Eysteinnsson, Ingibjörg Hjálta og aðrir er koma að málefnum aldraðra.
  - Undirbúningur að komandi kjarasamningum
- Önnur mál

## Fundargerð

### 1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) bauð fundarmenn velkomna á vinnufundinn. Hún gat þess að Stefanía austurlandsdeild, Guðbjörg Vesturlandsdeild og Ólöf Jóna varamaður í framkvæmdastjórn væru fjarverandi. Helga Sveinsdóttir varamaður austurlandsdeildar og Sigríður Helga Skúladóttir gjaldkeri vesturlandsdeildar væru varamenn sinna formanna.

KÁG fór yfir sögu Munaðarnes og þær breytingar sem þar hafa verið gerðar.

### 2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og komin á netið

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

### 3. Til upplýsinga og umræðu

- **Staðan á skrifstofu félagsins**

KÁG fór yfir stöðuna á skrifstofu félagsins. Fram kom að staða Sigurlaugar Hrafnkelsdóttur hafi verið lögð niður og hún hafi ákveðið að hætta strax. Farið var yfir hvernig sumarið hafi gengið og hvernig framhaldið liti út.

- **Bókun 8 í samningi félagsins við ríkið**

KÁG og GÖG fór yfir stöðuna varðandi bókun 8 sem hefur eftirfarandi markmið: „*Markmið starfshópsins er að skapa sameiginlega vettvang til að vinna að þessum málum á sem hagkvæmastan hátt. Stefnt skal að því að í kjölfarið verði framlög ríkisins til fræðslumála SLFÍ sambærileg við það sem gerist hjá öðrum félögum innan BSRB svo sem SFR.*“

Illa hefur gengið að fá fjármálaráðuneytið að borðinu til að ná sameiginlegri niðurstöðu um málið. SLFÍ hefur einnig bent á að Reykjavíkurborg þurfi að taka þátt í umræðunni, þ.s. þeir greiða í menntunarsjóði félagsins.

Jakobína benti á að Reykjavíkurborg er með námskeið þar sem allir eru settir undir sama hatt, þar vantar metnað hvað varðar sjúkraliða og faglærða. Helga Sveins Suðurlandsdeild benti á að hún hafi verið í svona rimmu við fræðslunetið en þar voru það félagsliðar sem ætluðu að sitja fagnámskeið fyrir

sjúkraliða. Helga benti þeim á að þeir væru velkomnir á almenn-, en ekki sér fagnámskeið.

Rætt var einnig um hugmyndir Guðmundar H Guðmundssonar fulltrúa fjármálaráðuneytisins um skiptingu fjármagns í sjóði félagsins.

- **Fagháskólinn**

KÁG fór yfir stöðuna varðandi fagháskóla fyrir sjúkraliða o.fl., en hugmyndin um skólann hefur verið kynnt áður. Fram kom að mikil óvissa hefði ríkt um hvort skólinn færi af stað og því miður væri töluverð óvissa enn fyrir hendi. Stjórnendur Háskólans á Akureyri hafa lýst yfir miklum áhuga á að taka þátt í þessu verkefni.

Illugi Gunnarsson fyrrverandi menntamálaráðherra kom að samkomulaginu um að koma þessu námi á laggirnar við gerð síðustu kjarasamninga, en síðan urðu ráðherra skipti og Kristján Þór Júlíusson tók við og hefur að mörgu leyti dregið lappirnar varðandi framgang þessa náms.

Málið er enn í vinnslu og forsvarsmenn HA ætluðu að óska eftir mánaðar fresti til að betrumbæta sína umsókn og vinna málið áfram. Umræða var um hvort sjúkraliðar sem búnir eru með námið á fjórða hæfnisstigi gætu fengið námið sitt metið sem diplóma nám, en ekkert er orðið skýrt varðandi það.

- **Fundur með Norrænum fulltrúum vegna fyrirhugaðs Norðurlandamóts í hjúkrun**

KÁG fór yfir umræðuna á fundinum. Forsaga þessa fundar er að KÁG, GÖG og BÓ fóru í vor á fund í Noregi þar sem fulltrúar Finnlands og Noregs kynntu þennan áhuga sinn. Tillagan var sett fram á framkvæmdastjórn SLFÍ í vor og þar var málið rætt með jákvæðni. Fram kom að FB og FÁ hafa áhuga á slíku móti, en rætt var um að eðlilegast væri að sigurvegarar síðasta Íslandsmóts yrðu fulltrúar Íslands. Það á eftir að hafa samband við sjúkraliðanna frá VMA sem sigruðu á síðasta Íslandsmeistaramót og leiðbeinanda þeirra og bjóða þeim að taka þátt í norrænu keppninni sem verður í Osló, Noregi 24. maí 2018. SLFÍ þarf að dekkja kostnað vegna keppenda og umsjónarmanns, en Noregur greiðir allan kostnað vegna keppinnar og gistingu og upphald keppenda. Farið var yfir umræðuna á fundinum og hvað var ákveðið. Ákveðið að skoða málið áfram með jákvæðum hætti.

- **Ráðstefna á vegum BSRB 6. október 2017 kl 09:45 á Hilton.**

Jóna Jóhanna fór yfir helstu dagskrárliði. Málið rætt, fram kom að inn vanti eitthvað um starfsmenn í heilbrigðiskerfinu. Við eigum 13 sæti á þessari ráðstefnu. Mikil umræða var um stöðu trúnaðarmanna félagsins.

- **Félagsstjórnarfundur 11. október.**

KÁG gerði grein fyrir að ekki lægi fyrir dagskrá og benti stjórnarmönnum á að hægt væri að senda inn efni sem óskað væri eftir að yrði rætt.

- **Staðan í vinnu starfshóps vegna ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 127/2016.**

KÁG gerði grein fyrir að þessi hópur hafi verið skipaður til að fylgja eftir lögum þ.s. skoða á hvaða stéttir geti ekki unnið lengur en til 65 ára aldurs vegna breytinganna sem gerðar voru á lögum um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna í desember 2016. Í dag eru það lögreglumenn, flugmenn og flugumferðastjórar sem hætta fyrr. KÁG hefur aflað töluverðra gagna um heilsufar og örorku sjúkraliða og lagt á borð vinnuhópsins. Áfram verður barist í málinu.

- **Réttindi íslenskra sjúkraliða í Danmörku**

KÁG fór yfir að leyfisbréfi íslenskra sjúkraliða sé ekki tekið fullgilt í DK. Fulltrúar DK halda því fram að það vanti geðhjúkrun í námið okkar. SLFÍ hefur fundað með ýmsu áhrifafólki innan menntakerfisins og fulltrúa hjá landlækni vegna málsins til að DK verði svarað að nám íslenskra sjúkraliða er allavega sambærilegt við DK námið. Búið er að skrifa og tala við ráðamenn í DK vegna málsins, Guðrún Hildur FÁ hefur tekið saman allt sem er í námi sjúkraliða á Íslandi varðandi geðhjúkrun. Málið er enn í skoðun og ekki vitað hvenær niðurstaða liggur fyrir.

- **Orlofsmál**

GÖG fór yfir stöðuna hjá orlofsnefnd, sagði frá því að Úlfheiður leiðsögumaður og formaður Orlofsnefndar væri búin að fara með tvo sjúkraliðahópa til Spánar og hafi verið uppselt í þær og biðlistar. Farin var ferð um hálendið sem heppnaðist virkilega vel gott veður og góður hópur.

GÖG fór yfir þær breytingar sem hafa verið gerðar á orlofshúsum á Akureyri en búið er að selja Hamratúnið og kaupa tvær eignir í Hálöndum, sem er svæði við rætur Hlíðarfjalls. Búið er að afhenda annað húsið og verður hitt afhent í nóvember. Hamratúnið verður afhent í nóvember þannig að ekki koma eyður í leigu húsa hjá félaginu á Akureyri.

Helga Sveins Suðurlandsdeild spyr hvort þrífín á húsum félagsins hafa gengið vel og fram kom í svari GÖG að það hafi í flestum tilvikum gengið mjög vel. Mikill áhugi er hjá formönnum deilda til að halda þessari fjáröflun inni fyrir deildarnar. GÖG hvetur formenn til að senda sér tölvupóst um hvaða hús þeir eru tilbúnir að taka að sér í þríf og þá hvaða helgar myndu henta þeim.

#### 4. **Vinnufundur**

KÁG fór yfir drög að nýjum starfslýsingum fyrir LSH. Gerðar voru nokkrar athugasemdir við þær, en verið er að vinna í að uppfæra þær. JT kom með þá skoðun að það þyrftu að vera sérstakar starfslýsingar og rennihestur fyrir þá sem vinna við geðhjúkrun og öldrun því vinnan þar er gjör ólík því sem gert er á (hvíta) spítalanum. KÁG óskaði eftir því við JT og JDR að koma með á fund með LSH sem var samþykkt.

Nokkur umræða var um hvatan við stofnanasamninga og möguleikann á að ná framgangi í starfi og hærri laun, þetta flækist fyrir ansi mörgum sjúkraliðum og ekki eru stofnanasamningar eins allsstaðar.

Umræður urðu um hvort og hve gagnlegar starfslýsingar væru þegar verið væri að raða sjúkraliðum niður á vaktir og bent á að ekki væri auðvelt að láta mönnunina ganga upp ef allir vinni ekki saman við hjúkrunina.

- **Stefna SLFÍ**

KÁG fór yfir nýsamþykktu stefnu SLFÍ lið fyrir lið. Í sambandi við fyrsta liðinn er nýleg rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar prófessors rædd, en hún varðar viðmót Íslendinga til reksturs heilbrigðisþjónustu. Í rannsókninni kemur skýrt fram að frekar verði dregið úr einkarekstri og fjármagni þangað og að almenningur styrkist í þeim vilja að hafa heilbrigðiskerfi sem rekið er á samfélagslegum grunni.

Nokkur umræða var varðandi aðbúnað starfsmanna t.d hvíldaraðstöðu á þeim stofnunum þ.s. Edenstefna er við líði. Umræða var um hvort stofnanir séu skyldugar til að hafa hvíldaraðstöðu fyrir starfsmenn.

Kristín Ólafsdóttir (KÓ) varaformaður SLFÍ fór yfir hvað jafnréttisnefndin hefur verið að gera og út á hvað sú nefnd gengur. Mikið hefur verið unnið varðandi dagvistunarræði og fæðingarorlof og unnið er að því finna lausnir á að brúa bilið sem myndast þarna á milli.

GÖG fór yfir greiðslur úr lífeyrisjóðum og hvernig þær hefðu breyst í tíð síðustu ríkisstjórnar.

- **Trúnaðarmannaráðsfundur**

Búið er að auglýsa næsta trúnaðarmannaráðsfund sem verður 12. október 2017 á Grensásvegi 16 og hefst hann kl. 10:00 og líkur um kl. 17.

KÁG og KÓ fóru yfir dagskrána lið fyrir lið og þeir aðeins ræddir. KÁG sagði frá því að hugsanlegar breytingar yrðu á uppröðun erinda eftir hádegi.

- **Ráðstefnu um öldrunarmál í nóvember 2017.**

Rætt var um að hefja þurfi vinnu að undirbúningi ráðstefnu um öldrunarmál sem stefnt er á að halda í nóvember 2017. KÁG sagði að virkja þyrfti tengiliði við þennan undirbúning og eru hugmyndir um að hafa samband við fagdeild sjúkraliða, Ögmundur Jónasson, Eyjólfur Eysteinnsson, Ingibjörgu Hjaltadóttur og hugsanlega fleiri er koma að málefnum aldraðra.

Fundarmönnum var skipt í hópa til að koma með hugmyndir að málefnum sem hægt yrði ræða um á ráðstefnunni.

Hópar skiluðu inn sínum hugmyndum:

- Jakobína Rut fór yfir punkta síns hóps.
  - Hvert stefnum við í öldrunarþjónustu, er stefnum framfylgt?
  - Geðheilsa aldraðra var rædd og fullyrt að þörf sé fyrir öldrunargeðdeild.
  - Rætt var um að nauðsynlegt væri að halda utan um ættingja og vangaveltur um fræðslu fyrir þá. Hver er réttur minn sem aðstandandi?
  - Heimaþjónusta er í lamasessi og er algjörlega í lágmarki miðað við þörfina. Mikil nauðsyn á að efla hana.
  - Rætt var um fyrirlesara og hverjir kæmu til greina. Ekkert ákveðið, en þessir nefndir:
    1. aðstandandi
    2. sjúkraliði
    3. aldraður
    4. lækni
  - Rætt var um virkni aldraðra og bent á að allt er skattlagt í drep hvort sem það eru tekjur eða eignir.
- Jóna Jóhanna fór yfir umræður úr sínum hópi.
  - Vantar stefnu í hjúkrun mikið veikra aldraðra.
  - Er kostur að vera lengi heima, hópurinn velti þessu upp, en telur það ekki endilega vera.
  - Aukið verði aðgengi fyrir þá sem vilja komast í vistun og þá er einstaklingurinn gjaldgengur í félagsskap og félagsstörf.
  - Réttur minn og réttur þinn (aðstandendur oft dæmdir til að sinna veikum ættingja heima fyrir í ljósi þess að sá veiki á rétt á að vera sem lengst heima – hver er þá rétt aðstandandans og hans lífsgæði? Líka öfugt: Vill sá veiki fá hjúkrun eða umönnum frá ættingja?) og umræða varð um hugsanlega fyrirlesara.

## Önnur mál

- GÖG fór yfir stöðuna varðandi sjúkraliða í heimahjúkrun á Eir sem enn hafa ekki fengið leiðréttingu á launum sínum, þ.e. laun sjúkraliða sem sinna heimahjúkrun. Félagið hefur margítrekað krafist fundar, en lítið hefur gerst. Rætt var um aðferðir/leiðir þegar viðbrögð vinnuveitenda eru með slíkum hætti.
- GÖG fór einnig yfir að ekkert gengi að koma í gegn stofnanasamningi á Reykjanesinu, en þar er ekkert að gerast og enginn vilji til að ná niðurstöðu hjá stjórnendum stofnunarinnar. Þar strandar á að stjórnendur stofnunarinnar neita að séraða sjúkraliðum í heimahjúkrun. Félagið hefur í síðustu póstum haft fulltrúa á Starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins með í þeim póstum sem gengið hafa á milli. Fram kom að næsta skref sé að hóparnir bæði á Eir og HSS þurfi að taka til sinna ráða ef eitthvað á að gerast. Málið verður áfram unnið í samstarfi við sjúkraliða á HSS. KÁG benti á að átök á friðartímum væru refsiverð ef þau eru að undirlagi félagsins.

Fundi slitið kl. 17.45